

Frá Winnipeg og nærsveitunum

Sunnudagaskóli Sambandsafnaðar.
 "Heimskringla er beðin að minna foreldra barna, þeirra, er sækja sunnudagaskólann á að senda börn í framvegis kl. 11 f. h. á skólann í stað kl. 2½.

Hústrú Jónína Jónsson frá Vogum fór heimleiðis á laugardaginn var með manni sínum, Guðm Jóns-son, sem beðið hefir hér eftir al-þata heima í nokkra daga.

Hústrú Jónína hefir heilsast ágæt-lega og hvarf heim á alger-lega heil heilsu.

STÖKAN "SKULD" hefir "bræð-
 rakvöld" miðvikudagskvöldið, 9. apríl. Allir Goodtemplarar boðnir og velkomin.

Ef nokkur veit um utanáskrift Guðmundar Sigurðssonar, er giftur er Ingibjörgu Jakobsdóttur, bæði ætíð af Mýrum á Íslandi, er sá hinn sami góðfúslega beðinn að koma henni á skrifstofu "Heimskringlu".

STUDENTAFÉLAGIÐ

Íslenska, hélt síðasta fund sinn á þessum vetti á laugardaginn var og bauð sem hefursgestum þeim stu-
 dentum og öðrum aðrir skóla nem-
 endum, sem eiga að útskrifast í
 vor, en þeir eru þessir:

Arts: Vilhelm Kristjánsson*)

Læknisfræði: Friðrik Thorláksson

Búfræði: Eðvald Olson*)

Verkfræði: Jón Sigurjónsson

George Long*)

J. J. Samson.

Hjúkrunarfræði: G. Marcelina Davíðsson

Dóra S. Hallgrímsson

Haldóra Erlendsson

Helga Jóhannsson

Albertina Freeland*)

Asthildur Briem

Emily Bárdal

Kennaraskóla: Axel Vopnfjörð*)

Kristján Sigurðsson

Franklin Olson

Ingibjörg Sigurgeirsson

Sigríður Einarsson

Margrét Ólafsson

Bertha Stevenson

Helga Feistad

Elizabeth Pétursson

Vilborg Brockman

Josephine Halldórsson

Guðrún Johnson.

Forseti Studentafélagsins ungrú

Aðalbjörg Johnson ávarpaði heil-
 ursgestina með ljómandi fallgri
 ræðu flutta á lýtausri íslensku.

Fyrir hönd gestanna þakkaði hr.

Vilhjálm Kristjánsson á vel fluttri
 enskri ræðu, en með stjórnun er
 merkt við mön þeirra er þökkuðu
 fyrir hverja deild. Eini enski nem-
 andinn í hópnun ungrú Freeland
 þakkaði með nokkrum orðum fyrir
 hönd hjúkrunarinnar.

Yngar skemtanir voru um hönd
 hafðar og fór fundurinn hið besta
 fram, enda var þar samankomið
 mikið lið og frítt, um eða yfir 60
 ungna manna og kvenna. Veitingar
 voru á eftir.

Hjálparnefnd Sambandsafnaðar
 þakkar af alldu hve vel var sóttur
 spíllfundurinn á laugardaginn var.
 Vinnuglun, er auglýstur var, hlaut
 á happdrættisnið No. 277 Mrs. B.
 Johnson, Byrdell str.

Hjálparnefndin óskar að láta
 þess getið, að Mr. og Mrs. Ing-
 mundur Sigurðsson frá Lundar og
 Ungkvennafélagið "Aldan" hafa
 hvert um sig lagt \$10.00 í sjóð nefnd-
 arinnar til minningar um Mrs. K.
 Christie.

Goodtemplarastökan "Skuld" er
 að undirbúa ágætis hlutaveltu, sem
 haldin verður mánudagskvöldið 7.
 apr. næstkomandi í efri sal V. T.
 hússins á Sargent ave. Margir á-
 gættir drættir eru þar á boðstólm-
 um, svo sem ton af "Drumhillar
 Kitchen Coal", gefið af James Reid
 kola og víðarkaupmanni 1399 Erin
 str., sími A6631.
 Ennfremur annað ton af Drum-
 hillar kolunum vanaverð \$13.00, gefið
 af Capitol Coal Co. — Sjálf aug-
 lýsinga á öðrum stað í blaðinu.

BÆKUR TIL SÖLU.

Undirrituðum hefir verið falið um-
 boð á sölu Eimreiðarinnar, hér vest-
 an hafs. Eru því allir kaupendur
 beðnir að gefa sig fram við hann
 framvegis.

Það rit hefur áfram að vera hið
 sniðdarlegasta. Til þess að koma því
 inn á hvert heimili, verður árs-
 gjaldið lækkað. — Var áður \$3.00;
 nú \$2.50.

Ennfremur selur hann Sögu-
 félagsbækurnar: þar á meðal eldri
 árganga marga, og síðastl. árg. er
 kostar \$2.30
 Tímarit Þjóðræknisfél. 1.00
 The History of Iceland 4.00
 Kvæði St. G. St. I—III 3.50
 IV—V 6.00
 Kvæði Kr. Stefánssonar 1.75
 Til að spara tíma og fyrirhöfn, er
 beðið um gjaldið fyrirfram.

Arnlfjótur Björnsson, Olson
 594 Alverstone str.
 Winnipeg, Man.

Á undirbúningskosningum, sem
 fóru fram í Norður-Dakota, þann 18.
 marz, var Col Paul Johnson kosinn
 fyrir eindisreka á alríkisfyrirkjöping-
 sem Democrats flokkurinn hefur í
 New York 24, 25, og 26. júní næst
 komandi, til að útnefna forsetafél-
 Bandaríkjanna.

Eftirtekt 'manna er vakin á
 því, að Tímarit Þjóðræknisfé-
 lags Vestur-Íslendinga fæst hjá
 Arnlfjóti Ólson, Alverstone stræti
 594 hér í borginni. Ritið kostar
 aðeins \$1.00.

Lestrafélagið á Gimli hefur
 samkomu á föstudagskvöldið
 11. apríl næstkomandi í Lyric
 Theatre í Gimlibæ.

Fréttabr. frá Mountain

(Framh. frá bls. 7.)

Var leikið hér og eins á Gardar,
 en síti á Akra, sem orsakaðist
 mest af því, að það var illa aug-
 lýst. Hvernig aðsókn hefir verið
 norðurfrá hjá hinum flokkum,
 veit ég ekki.

Nú hafa Gardar menn verið að
 leika "Nýársnóttina" þessa viku.
 Tvö kvöld heima hjá sér, og í
 kvöld (28.) leika þeir hér á Moun-
 tain, og hlökkum við til kvöldskem-
 unarinnar, því í Gardarbyggð eru til
 góðir leikmennleikar. En svo er nú



líka í okkar byggð, og hinum fyrir
 norðan okkur, að þeir eru til. En
 okkur vantar meira sem hafa gott
 vit á að segja fyrir, bæði um rétt
 gætti, framkomu og látræði á leik-
 sviðinu, og umfram allt skírt, og
 ákveðið talsmál. Einn maður, sem
 veri fær til þessa starfa gæti ferð-
 ast attur og fram um ísl., byggðir-
 ar hér yfir vetrar tímann, og sagt
 til á öllum þessum stöðvum.
 Skyldi ekki Þjóðræknisfélagið vilja
 styrkja okkur til þess, ef að byggðin
 stöðist part af þeim kostnaði?
 Með því stuðla að því, að ís-
 lenzk leikja þróist, þá hjálpu-
 m við til að efla ísl. Þjóðrækn-
 um leið. Ekkert hjálpar betur til að
 opna augu þeirra ungmenna, sem
 nokkuð hugsa fyrir þeim sérkenn-
 um þjóðarinnar, sem við erum að
 reyna að telja sjálfum okkur og
 þeim trú um, að ekki megi missast
 heldur en það, að sýna al-fel. eðli og
 ísl. hugsnarhætt, í persónulegri á-
 leiksvíði. En til þess það get haft
 þau áhrif sem til er ætlast, þá
 þurfa leikendur að skilja hlutverk
 sín. En við því er naumast að bú-
 æt af þeim, sem fæddir eru, og up-
 aldir eru í þessu landi, nema með
 því betri tilsiðni.

Þegar Jón Hólm, hér á Mountain,
 fór að "dramatiza" Pilt og Stúku
 4. fyrra, þá fóru allir að reyna að
 ná í söguna til að lesa hana, bæði
 ungir og gamlir, annars mundi sag-
 an hafa verið ósnerit af þeim ungu
 að nýasta kosti. Nú er orðin mikil
 eftirsókn eftir "Kærlíkshæimilinu",
 af því að Jón Hólm hefir verið að
 "dramatiza" þá sögu. Það leikrit
 er nú verið að sêfa, og eru flestir
 af þeim, sem léku í Pilt og Stúku
 í fyrra í þeim flokki, að tveimur
 viðbættum. Margt af þessum sama
 flokki lék einnig í "Happinu", og
 munu flestir kannast við, að þeir
 leiki yfirleitt betur en í meðallagi,
 eftir því sem hér gerist. Sá sem
 þetta skrifar, hefir verið á einni æf-
 ingu hjá þessum flokki, og þó skamt
 væri komið með æfingur, þá virtist
 mér gott útlit með að flest eða öll
 hlutverkini gætu orðið vel af hendi
 leyst. — Tjöldin, sem Kristinn Ar-
 mann á Gardar hefir máláð, er að
 minna á milli með því allra besta sem
 hér hefir sést. Gengur næst mál-
 verkinum hans Fred Sveinssonar á
 leiksviðinu "Kinnarhyolssystur",
 Ármann máláði einnig Tjöldin fyrir
 bæði Skugga-Svein og Nýársnótt.
 Svo við höfum líka listamenn hér
 eins og þið.

Um meðferð Jóns Hólms á sög-
 unni er og ekki fær um að dæma.
 Káflar eru felldir úr, sem ekki þótti
 hentugt að sýna. Til dæmis, þegar
 Þurður á Borg tók barnið frá
 Önnu söfandi, en Þorgeir óviti er
 látinn segja frá því seinna. En þó
 tapast enginn þráður úr sögunni,
 svo að hún missi gildi sitt. Attur
 á móti er bætt inn í köflum, sem
 hefur bæta en skemja.

Audvitað verður þetta sorgarleik-
 ur, sem og allir vita, sem lesið hafa
 söguna, og sumir telja það ókost.
 En er ekki rétt að okkur sé sýnt
 mannblíði í þess réttu mynd?
 Mannvænsla og yfirdræpskapur, og
 ómenska, kæðleikur, dreglund og
 sönn ást. Þurfum við ekki að læra
 að gráta, eins vel, eins og að
 hlægja? Þurfum við ekki að læra
 að kannast við að drottunargirni,
 stórmenska og peningafiskkleifa
 oft af sér þær hörmungar og sorg
 sem aldrei er bætt í þessu lífi.

Fyrir mitt leyti er og Jóni Hólmi
 þakklátur fyrir tilraunir hans í
 þessa átt, og mig undrar ef þessi
 leikur verður ekki til að gefa þeim
 umhugsunarefni í nokkra daga sem
 á hann horfa.

Kjörkaup á dagstofu húsmunum

hjá
Banfield's



Ekta 7 stykkja Lestofu Samstæða

Fallegt lesstofufuborð, blómastandur, þægindastóll og ruggustóll,
 annar litill ruggustóll, og hyrnur til að styðja bækur. Ekta eik-
 a, frágangur. Föðrað með góðu art-leðri \$49.75
 Þetta hefir hvaða heimili sem er, og með þessum skilmálum geta
 allir keypt.

\$5 Nidurborgun

Flutt heim til yðar. Afgangurinn borgist \$1.95 á viku. Fæst sleg-
 ið sundur tilbúið til flutnings út á land. Fólk út á landi er beðið
 að skrifla strax.

Skrifið eftir
 verðlista

J. A. BANFIELD
 THE RELIABLE HOME FURNISHER
 492 Main street., Winnipeg.

Lan veitt áreiðanlegu
 folki út á landi

"BRAVO" TOMBÓLA og DANS

undir umsjón stúkunnar,
"SKULD"
 til ards fyrir málefni félagsins.
MANUDAGSKVÖLDIÐ
 7. apríl 1924
 í efri sal
GOODTEMPERANCEHALLS
 Inngangur og einn dráttur
 25 cents.
 Byrjar að kveldinu kl. 7.45.

Notið þið nú tækifærið að
 keppa um þá ágætu drætti er
 þar verða á boðstólinum, svo sem
 heil kola tonn og margt fleira
 verðmæti.
 Komið!
 Sjáið!
 Sannfærist!
 Fyllið húsið!

WONDERLAND THEATRE

MIÐVÍKUDAG OG FIMTUDAG.

Gladys Walton

in "THE TOWN SCANDAL"

FÖSTUDAG OG LAUGARDAG.

CORRINE GRIFFITH

in

"Common Law"

MANUDAG OG ÞRIÐJUDAG.

An all star cast.

in

"SIX DAYS"



FLEYGDU EKKI BURTU HAR-
 INU SEM KEMBIT AF ÞÉR.
 Sendu okkur það, og við skulum
 gera kembu úr því fyrir þig fyrir
 \$3.00
 Við höfum allt sem meðþarf til
 þess að gera upp og þrýða hár
 kvenna og karla.
 Skrifðu eftir verðlista.
**PARISIAN HAIRDRESSING &
 BEAUTY PARLORS**
 310 Garry St., Winnipeg, Man.

Yfir 600 íslenzkir nemendur hafa gengið á Success verzlunarskólann síðan árið 1914.

Skrifstofuávinna er næg í Winnipeg, atvinnu- og iðnaðar-
 miðstöð Vesturlandsins.

Það margfalt borgar sig að stunda námið í Winnipeg, þar
 sem tækifærin til þess að fá atvinnu eru flest, og þar sem þér
 getið gengið á Success verzlunarskólann, sem veitir yður hinn
 rétta undirbúnun og nauðsynlegu æfingu. Þú undir atvinnu-
 veltenda taka þá, sem útskrifast úr Success-skólanum, fram
 yfir aðra, og þér getið byrjað á góðri vinnu strax og þér hjið
 námi við þenna skóla.

SUCCESS BUSINESS COLLEGE er öflugur og áreiðanlegur
 skóli, — kostir hans og hið ómetanlega gagn, sem hann hefir
 unnið, hafa orðið til þess að hin árilega nemendatala skólans
 er langt fram yfir tölu nemenda í öllum öðrum verzlunarskól-
 um Manitoba samanliðgðum.

SUCCESS er opin árið í kring.
 Innritist á hvaða tíma sem er.
 Skrifðu eftir upplýsingum. Þær kosta ekkert.

The Success Business College, Ltd.

Horn Portage Ave. og Edmonton St.
WINNIPEG — MAN.
 (Ekkert samband við aðra verzlunarskóla.)



Hvað ætlar þú að verða?
 David Cooper C.A.
 President
 Verzlunarbækking byðir til þín
 gleslegri framtíð, betri stöðu,
 herra kaup, meira traust. Með
 henni getur þú komist á rétta
 hilla í þjóðfélaginu.
 Þú getur öðlast mikla og not-
 hafa verzlunarbækkingu með því
 að ganga á

Dominion Business College
 Fullkomaasti verzlunarskóli
 í Canada.
 301 NEW ENDERTON BLDG.
 Portage and Hargrave
 (næst við Eaton)
 SEMI A 3031

